

Skólasel/Frístund 2025-2026

Kæru foreldrar,

Í fyrra urðu breytingar á stundatöflum nemenda í 1. - 4. bekk og lengd skóladags þeirra. Vegna þess varð einnig breyting hjá Skólaselinu og halda þær breytingar sér í vetur.

Til aðgreiningar skiptum við viðverunni eftir kennslu í tvennt, annars vegar Skólasel og hins vegar Frístund. Ekki er tekið gjald fyrir vistun í Skólaseli, og gert er ráð fyrir að allir nemendur verði þar. Eftir heimakstur skólabíla tekur Frístund við.

Skrá þarf nemendur í Frístund og er gjald tekið fyrir þá vistun. Verðskrá fyrir árið 2025 er hér neðar í bréfinu.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn láti starfsfólk vita af breytingum varðandi t.d. íþróttaæfingar, heimakstur og ef breytingar verða á hverjir sækja barnið eða ef barn á að fara heim með félagi. Allar slíkar breytingar á að tilkynna til ritara á ritari@fludaskoli.is eða í síma 480-6610.

Skipulag Skólasels og Frístundar

Mánudagar: Skóli til 13:30 og heimakstur fyrir alla nemendur skólans sem eru í akstri. Frístund í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar frá kl. 13:30 – 16:00. Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Þriðjudagar: Skóli til 13:50. Allir nemendur 1. - 4. bekkjar fara í Skólasel til kl. 15 (ekki gjaldtaka) og heimakstur kl. 15 fyrir þá sem eru í akstri. Frístund í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar frá kl. 15:00 – 16:00 (gjaldtaka). Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Miðvikudagar: Sama og þriðjudagar

Fimmtudagar: Skóli til 13:30. Allir nemendur 1. - 4. bekkjar fara í Skólasel til kl. 15 (ekki gjaldtaka). Frístund í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar frá kl. 15:00 – 16:00 (gjaldtaka). Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Föstudaga: Skóli til 12:15 og heimakstur fyrir þá sem eru í akstri. Frístund verður í boði frá 12:15 – 15:00 á föstudögum með fyrirvara um fjölda skráninga. Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Starfsemi Skólasels og Frístundar Flúðaskóla hefst mánudaginn 25. ágúst 2025.

Staðsetning Skólasels/Frístundar mun færast til innan húsnæðis skólans og verður gengið inn um kjallarainngang skólans.

Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Frístundar þurfa að sækja um fyrir barn/börn sín hjá ritara skólans, ritari@fludaskoli.is.

Umsjónarmaður Skólasels/Frístundar er Orri Ellertsson orri@fludaskoli.is en auk hans starfa þar Heiða Snorradóttir, Ann Winter og Páll Magnús Unnsteinsson.

Verðskrá fyrir árið 2025

Vistun í Skólaseli er gjaldfrjáls en hver klukkutími í Frístund er 450 kr.

Reglur og gjaldskrá fyrir skólasel Flúðaskóla

1. gr.

Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Skólasels þurfa að sækja um fyrir barn/ börn sín hjá ritara skólans. Ef barn ætlar að hætta í Skólaseli skal berast tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/ forráðamanni til ritara skólans. Miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Hægt er að skrá barn í 1- 4 daga í Skólaseli á viku. Skólaselið er fyrir börn í 1.– 4. bekk í Flúðaskóla.

2. gr.

Í Skólaseli gilda skólareglur Flúðaskóla. Vinnudagar í Skólaseli eru þeir sömu og nemendadagar í Flúðaskóla. Opnunartími er frá því skóla lýkur frá mánudegi – fimmtudags til kl. 16:00 alla daga. Gjald fyrir vistun í Skólaseli er bundið vísitölu neysluverðs miðað við 1. desember ár hvert og uppfærisk 1. janúar ár hvert. Gjaldskrá má finna á heimasíðu Flúðaskóla.

3. gr.

Hrunamannahreppur sendir greiðsluseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra.

Tilkynna þarf forföll til umsjónarmanns Skólasels. Umsjónarmaður heldur dagbók yfir þá sem nýta selið. Sími í Skólaseli er 480-6618.

5. gr.

Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö eða fleiri börn í Skólaseli er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barn og hvert barn þar á eftir.